BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 621

# Fjóla Jósefsdóttir

(1920-2012)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 621*

# Fjóla Jósefsdóttir

Formáli

Fjóla Jósefsdóttir fæddist 14. júní 1920 á Dalvík, Svarfaðardalshreppi í Eyjafirði.
Foreldrar hennar voru þau Guðrún Einarsdóttir húsfreyja (1889-1974) frá Bláteigi, Skriðuhreppi og Jósef Þorsteinsson (1886-1960) bóndi og sjómaður á Dalvík og í Grímsey. Systkini Fjólu voru Helga (1910-1993), Hulda (1912-1987), Svava (1915-1992, Lilja (1916-1921), Geir (1918-1976) og tvíburasystirin Sóley (1920-1920). Uppeldissystir Fjólu var Jóhanna Elín Sigurjónsdóttir (1921-1973).

Fjóla var, frá þriggja ára aldri, alin upp í Brekku á Hjalteyri af móðurbróður sínum Sigtryggi Einarssyni (1892-1963) og konu hans Rósu Jónsdóttur (1877-1942). Á ungdómsárum Fjólu var ekki um langa skólavist að ræða og á sautjánda ári hélt hún til Reykjavíkur þar sem hún bjó upp frá því og vann ýmis störf.

Hinn 26. apríl 1941 giftist Fjóla Eyþóri Magnúsi Bæringssyni fæddur 15. júní 1916 á Ísafirði, dáinn 2. september 1972. Foreldrar hans voru þau Sigríður Guðjónsdóttir (1886-1946) og Bæring Magnús Sveinn Bæringsson (1890-1921). Eyþór var alinn upp af afa sínum Bæring Bæringssyni (1863-1925) og konu hans Guðrúnu Tómasdóttur (1868-1948). Eyþór flutti til Reykjavíkur 1925, vann við ýmis störf og var hjá heildversluninni Eddu hf. í 15 ár. Eyþór stofnaði verslun sína *Maggabúð* árið 1959 á Laugavegi 134, en flutti hana síðar á Framnesveg 19 og svo á Kaplaskjólsveg 43. Börn Fjólu og Eyþórs eru Sigtryggur Rósmar (1941-), Þórey (1943-) og Hildur Guðrún (1948-).
Fjóla Jósefsdóttir andaðist 16. október 2012.
(Heimild: *Morgunblaðið*, 2. nóvember 2012, bls. 34-35 og *Morgunblaðið*, 12. september 1972, bls. 22).

*Afhending*: Hildur Guðrún Eyþórsdóttir gaf Borgarskjalasafni skjöl Fjólu, 4. apríl 2017.
*Innihald*: Bréf, jólakort o.fl.
*Tímabil*: 1973-2005
*Magn*: 1 askja

# Skjalaskrá

## Askja 1
*Bréfa- og málasafn 1960-2005.*

Örk 1
Heillaskeyti til Fjólu Jósefsdóttur, 1975.
Heillaskeyti til Fjólu Jósefsdóttur, 1980.
Heillaskeyti til Fjólu Jósefsdóttur, 1990.
Heillaskeyti til Fjólu Jósefsdóttur, 2005.
Kort til Fjólur Jósefsdóttur, 1960-2001.

Félag Þingeyinga í Reykjavík, matseðill og söngskrá, 20. janúar 1978.
*Herb Reed and The Platters*, aðgöngumiði á tónleika í Háskólabíói, 8. október 1981.
*Til lykke Mickey*, teiknimyndahefti, 1988.
Hefti með myndum frá Kaupmannahöfn.
Grafskriftir, 1988-2005.
Álagningarseðill, 1973.
Gjaldheimtan í Reykjavík, greiðsluseðill, 1973.

Umslag
Jólakort, 1960-1968.

Umslag
Jólakort, án árs.

Umslag
Jólakort, 1971-1979.

Umslag
Jólakort, 1980-1988.

Umslag
Jólkort, 1990-1999.

Umslag
Jólakort, 2000-2004.

Skráð í júlí 2017
Gréta Björg Sörensdóttir